

EFTIRLITSSKÝRSLA

Laxar Fiskeldi ehf. Reyðarfjörður



Dags eftirlits	25.5.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Laxar Fiskeldi ehf.	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Akralind 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	450220-1400	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Kristján Ingimarsson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Bárður Arnaldsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö ný frávik komu fram við eftirlitið, er varða skil á vöktunarskýrslum og geymslu maurasýru á fóðurpramma. Tvær ábendingar eru gerðar, er snúa að framleiðsluáætlun ársins 2021 og skilum á vöktunarskýrslum.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Farið var í skoðunarferð út að eldissvæðum við Gripalda og Bjarg þar sem fiskur er í eldi. Því næst var fundað með fulltrúum rekstraraðila og hafnaryfirvalda varðandi stöðu mála um sokkinn fóðurpramma, Muninn, sem sökk í vetur. Að því loknu var farið yfir gögn og áætlanir vegna starfsleyfis.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti, frávik og úrbætur
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
 - o Kynning á áhættumati 2020 og breytingu á flokkum 2021
- Umfang 2019 og 2020, áætlað umfang 2021
- Útsetningar, slátrun og hvíld svæða
- Staðsetning eldissvæða, stöðvarskírteini
- Áhættumat og viðbragðsáætlun v. bráðamengunar hafs og stranda sbr. lög 33/2004
- Trygging v. bráðamengunar hafs og stranda
- Vöktunaráætlun og - skýrslur
- Úrgangur, spilliefni og lyf
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Muninn fóðurprammi við Gripalda
 - o Mælingar Náttúrustofu fyrir lyftingu prammans
 - o Áætlanir vegna lyftingar pramma

Farið var yfir frávik og ábendingar eftirlita 2019 og 2020 er snéru að vöktunaráætlun og gagnaskilum. Gögnum vegna ársins 2020 var skilað fyrir 1. maí sl. Viðbrögð rekstraraðila við ábendingu eftirlitsaðila í eftirliti 2019 vegna vöktunaráætlunar voru að óska eftir því að vöktunaráætlun sem send var inn vegna starfsleyfis Laxa í utanverðum Reyðarfirði myndi gilda fyrir bæði starfsleyfi rekstraraðila í firðinum. Umhverfisstofnun hefur skoðað vöktunaráætlunina og fellst á að hún gildi fyrir bæði starfsleyfin, þó með þeim fyrirvara að Umhverfisstofnun hefur verið að óska eftir tíðari vöktun en kveðið er á um í vöktunaráætluninni, t.d. hvíldarsýnatöku og sniðsýnatöku við hverja kynslóð í fyrstu kynslóðum eldissvæða og mun eftirlitsaðili senda leiðbeiningar þess efnis um kröfur stofnunarinnar, sem munu þó snúa sérstaklega að vöktun í utanverðum Reyðarfirði, þar sem verið er að taka ný eldissvæði í notkun.

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar tíðni eftirlitsferða og breytingar á milli ára ræddar, sérstaklega er snýr að umhverfisstjórnunarkerfum og þeim kröfum sem stofnunin gerir til umhverfisstjórnunarkerfa.

Farið var yfir framleiðslu áranna 2019 og 2020, en hún var innan marka umfangs leyfis, þ.e. 2019 var framleiðsla rúm 4 þús tonn og 2020 voru framleidd tæp 5400 tonn. Skv. gögnum frá rekstraraðila, sem send voru að eftirliti loknu, var var standandi lífmassi við seinustu áramót rúm 12 þúsund tonn en þegar eftirlitið fór fram var lífmassinn tæp 6 þúsund tonnen leyfið tekur til 6000 tonna framleiðslu á ári. Áætlað var að færa fisk frá Bjargi á nýtt starfsleyfi rekstraraðila í utanverðum firðinum á árinu en vegna ógildingar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála á rekstrarleyfi rekstraraðila dags. 21. maí sl., ásamt sýkingu sem komið hefur upp við Bjarg eru þær áætlanir í uppnámi. Eftirlitsaðili óskaði því eftir uppfærðum slátruplönnum og lífmassaáætlunum út árið 2021, til að ganga úr skugga um að rekstraraðili ætli sér að starfa innan marka starfsleyfis. Slátruráætlun barst 18. júní en áætluð framleiðsla á árinu 2021 er meira en 11 þúsund tonn og því ljóst að rekstraraðili mun framleiða meira á árinu en heimild er fyrir í starfsleyfi.

Líkt og kemur fram hér að framan eru útsetningar og sláturplön rekstraraðila í uppnámi vegna sýkingar og ógildingar rekstrarleyfis. Enn er þó áætlað að setja út seiði við Sigmundarhús í ágúst, en líklega um 50% meira en áður var áætlað, vegna niðurfellingar leyfis í utanverðum firðinum. Viðbótarseiðin sem nú á að setja út við Sigmundarhús fara ekki út á nýtt eldissvæði við Vattarnes í utanverðum firðinum eins og áður var áætlað, þar sem um er að ræða seiði undir 200 g, en nýtt rekstrarleyfi sem Matvælastofnun gaf út 24. júní sl. tekur einungis til útsetningar á seiðum yfir 200 g í samræmi við úrskurð úrskurðarnefndarinnar.

Rekstraraðili sendi stöðvarskírteini í tölvupósti í kjölfar eftirlits.

Trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda sbr. lög nr. 33/2004 er í gildi.

Vöktunarskýrslur vegna ársins 2020 bárust ekki fyrir 1.maí sl. og er því skráð frávik þess efnis, sbr. gr. 3.3 í starfsleyfi, en niðurstöður mælinga skulu fylgja ársyfirliti fyrir 1. maí ár hvert. Vöktunarskýrslur bárust 4. maí. Eins og kemur fram hér að ofan hefur Umhverfisstofnun fallist á að vöktunaráætlun sem var í gildi fyrir starfsleyfi rekstraraðila í utanverðum Reyðarfirði gildi einnig fyrir það starfsleyfi sem þetta eftirlit tók til. Áætlunin verður birt á undirsíðu rekstraraðila á síðu Umhverfisstofnunar.

Magn blandaðs úrgangs og ónýtra nóta í endurvinnslu ásamt magni óflokkaðs úrgangs kemur fram í grænu bókhaldi. Stofnunin bendir á að halda skal skráningu um magn og gerð alls úrgangs ásamt ráðstöfunarleið en í grænu bókhaldi eða ársyfirliti rekstraraðila kemur ekki fram m.a. magn og förgunarleið dauðfisks/meltu eða flokkun í plast/pappír o.s.frv. Magn og tegund hreinsiefna og sóthreinsiefna kom fram í ársyfirliti. Engin lyf eru notuð í eldinu.

Samkvæmt gr. 2.11 í starfsleyfi skal rekstraraðili vinna í samræmi við lög um efni og efnablöndur, sem eru nú: Efnalög nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), sem og aðrar reglugerðir sem gilda um efni og efnablöndur. Rekstraraðili skal einnig, sbr. gr 2.10 í starfsleyfi ganga frá eiturefnum og öðrum hættulegum efnum svo ekki sé hætt á að þau berist út í umhverfið. Maurasýra sem notuð er við meltugerð kemur 1000 L bömbum og á að vera í lokuðum geymslum um borð á fóðurprömmum þaðan sem sýrunni er dælt í meltutanka. Maurasýrubambi um borð í fóðurprammanum við Bjarg var ekki í lokaðri geymslu heldur laus við hlið geymslunnar og sýrunni dælt þaðan. Frávik þess efnis er skráð, þar sem ekki er um viðeigandi geymslu og meðhöndlun að ræða.

Á fundi með hafnaryfirvöldum og rekstraraðila var farið yfir stöðuna eins og hún var m.t.t. prammans Munins þegar eftirlitið fór fram. Í kjölfar eftirlits sendi rekstraraðili vöktunarskýrslu Náttúrustofu Austurlands þar sem fjallað var um niðurstöður sýna sem tekin voru tekin af botni og úr sjó í kringum pramman, svo hægt sé að hafa samanburðargildi ef losa þyrfti fóður úr prammanum áður en honum verður lyft.

9.júní sl. var svo haldinn fundur með fulltrúum rekstraraðila, hafnaryfirvalda, Umhverfisstofnunar, köfunarþjónustunnar og tryggingafélags rekstraraðila þar sem farið var yfir aðgerðaráætlun til að lyfta prammanum upp. Rætt var hvað þyrfti að hafa í huga m.t.t. mengunarvarna og tímasetninga og óskaði Umhverfisstofnun eftir því að rekstraraðili sendi inn upplýsingar sem allra fyrst um þær áætlanir og tímasetningar sem þættu fýsilegastar með rökum fyrir vali þeirra og áætla stofnunin að taka það til skoðunar. Erindi er varðar brottnám prammans barst frá Löxum þann 2. júlí sl. en því hefur verið svarað í aðskildu bréfi dags. 9. júlí sl.

Frávik frá	Lýsing á frávik
gr. 2.10 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal ganga þannig um eiturefni og hættuleg efni að ekki sé hætt á því að þau berist í umhverfið. Maurasýra var ekki geymd í tilætlaðri lokaðri geymslu, til varnar þess að ílátið ásamt innihaldinu geti farið í sjóinn, heldur var ílátið laust ofan á prammanum og sýrunni dælt þaðan í meltutank.
gr. 3.3 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal skila ársyfirliti með niðurstöðum skráninga og mælinga vegna undangengins árs fyrir 1. maí ár hvert. Vöktunarskýrslur vegna þeirra vöktunar sem fór fram á árinu 2020 bárust ekki fyrir 1. maí sl. Skýrslurnar bárust 4. maí og er frávikinu því lokað.

ÁBENDINGAR

Umhverfisstofnun bendir á að starfsleyfi tekur til framleiðslu 6000 tónna á almanaksári. Áætluð framleiðsla Laxa á árinu 2021 er meira en 11 þúsund tonn sem er talsvert umfram heimild starfsleyfis.

Eftirlitsaðili bendir á að rekstraraðili ber ábyrgð á því að niðurstöðum vöktunar og mælinga sé skilað fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins árs.

ANNAD

Jens Garðar Helgason hjá Löxum og Birgitta Rúnarsdóttir hjá Fjarðabyggð voru viðstödd fund um stöðu mála m.t.t. fóðurprammans Munins.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 15.07.2021

Hulda S. Jónasdóttir

Hulda Soffía Jónasdóttir

